



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins - Aðgengi eldri borgara um göngugötur.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Nú hafa ný umferðarlög tekið gildi varðandi aðgengi fatlaðra um göngugötur sbr. 10. gr. 2019 nr.77 25. júní. Þar segir m.a. að borgaryfirvöldum ber að veita fötluðu fólki aðgengi svo það get sótt í þá þjónustu sem veitt er í göngugötum. Flokkur fólksins spyr hvort borgaryfirvöld vilji ganga enn þá lengra en lagasetningin segir til og veita eldri borgurum sem erfitt eiga með gang og hreyfingar sama aðgengi og fötluðum er veitt í þessum lögum.

Í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, er umferð vélknúinna ökutækja handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, heimil á göngugötum. Um stæðiskort fyrir hreyfihamlaða er fjallað í 87. gr. laganna og um útgáfu þeirra er fjallað í reglugerð nr. 1130/2016 um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða. Þá hefur Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sett verklagsreglur vegna umsóknar og útgáfu stæðiskorts, dags. 17. febrúar 2020.

Í 3. gr. reglugerðarinnar er sett það grunnviðmið fyrir útgáfu stæðiskorts að umsækjandi leggi fram læknisvottorð, þar sem fram komi að sökum hreyfihömlunar sé honum nauðsyn, sem ökumaður eða farþegi í ökutæki, að geta lagt í bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða. Þá er í d. lið 6. gr. verklagsreglanna, sérstaklega fjallað um gildistíma stæðiskorta fyrir eldri borgara.

Það er mat sérfræðinga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, að aðgengi þeirra eldri borgara sem vísað er til í fyrirspurn, sé nægilega tryggt með því að heimila handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða að aka um göngugötur, enda verði að telja líklegt að þeir fullnægi framangreindum skilyrðum fyrir útgáfu stæðiskorts. Tekið skal fram að þann 3. apríl sl. sendi umhverfis- og skipulagssvið minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þar sem lýst var yfir áhyggjum af framkvæmd undanþáguákvæðis 1. mgr. 10. gr. laganna. Undanþágan felur í raun í sér að stórum hópi fólks, þ.e. um 8.000 handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, er heimilað að keyra um göngugötur með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á öryggi annarra vegfarenda.

Þá verður að telja ólíklegt að Reykjavíkurborg sem veghaldari, hafi fullnægjandi lagaheimild til að kveða á um sérákvæði um notkun tiltekinna vega eftir aldri ökumanna. Auk þess má ætla að erfitt myndi reynast að framfylgja slíku ákvæði.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri